

„Sumir vilja aldrei segja sannleikann og aðrir vilja aldrei heyra sannleikann”

Í ÁGÚST-tölublaði bandaríska tónlistartímaritsins Gramophone birtist viðtal við Vladimir Ashkenazy, en hann hefur nýlega gert samning við Decca um hljómsveitarstjórn á vegum útgáfufyrirtækisins næstu fimm ár. Býst Ashkenazy við að á ári verði hægt að gefa út þrjár til fjórar hljómplötur þar sem hann stjórnar hljómsveitinni.

Síðan segir í viðtalinu:

„Hann kom fyrst fram sem hljómsveitarstjóri í Lundúnum í febrúar á síðasta ári. Það var fyrir um það bil átta árum, sem hann fór fyrst að brýna klærnar, hjá hálfgerðri atvinnumannahljómsveit á Íslandi þar sem hann er búsettur.

„Stundum verður leikur þeirra áhugaverður, en tæknilega séd eru þeir ekki mjög færir. Það þarf að fara að þeim eins og börnum, og gæta þess að ósýðir komist ekki upp í vana. Þegar ég byrjaði var ég vægast sagt ómurlegur. Nú get ég náð þeim árangri sem ég set mér að ná. Hvernig ég fer að því að ná þessum árangri er aftur á móti það, sem ég er ekki ánægður með.”

Ashkenazy segir síðan, að enda þótt hann hafi sótt góð ráð til vina sinna geri hann sér mætavel grein fyrir því að reynslan sé eini skólinn, sem gildi. Hann segist alltaf hafa haft sérstakt dælti á hljómsveitum og hafi ætíð viljað verða hljómsveitarstjóri, enda þótt hann hafi orðið píanóleikari. Hann minnst á verkefni sín á næstunni, meðal annars hljómsveitarstjórn í Detroit, Philadelphia og Boston. „Ég hef áður stjórnað Bostonar-sinfóniunni og hlýtt að hafa gert það vel fyrst þeir biðja mig aftur,” segir hann.

„Ég er atvinnumaður,” heldur Ashkenazy áfram. „Svo lengi sem eitthvað er til sem heitir tónlist þá skiptir tónlist máli. Það sem skiptir mestu máli er að tónlist sé flutt, næstmikilvægast er hvernig það er gert. Mér er sama um það sem ég sé á sjónvarpsfleti, það skiptir mig ekki máli. En sjónvarp sem slíkt skiptir verulegu máli, því að það eru svo margir sem horfa á það. Ef það getur unnið einn af þúsund til fylgis við sigilda tónlist þá er það þess virði,” segir hann þegar viðmælandinn spyr hann um sjónvarpsþætti um tónlist, sem hann hefur nýlega tekið þátt í.

Morgunblaðið leitaði álits

— segir Ashkenazy um gagnrýni sína á Sinfóníu-hljómsveit Íslands



nokkurra Sinfóníumanna á þeim ummælum, sem Ashkenazy lætur falla í viðtalinu, en fyrst var hann sjálfur spurður hvort þau væru rétt eftir honum höfð:

„Ég man nú ekki hvort það voru nákvæmlega þessi orð, sem ég lét falla, en það var áreiðanlega í þessa veru. Þetta er skoðun mín og við hana stend ég. Ég hef reyndar sagt það margoft opinberlega að tæknilega sé Sinfóníu-hljómsveit Íslands alls ekki nógu góð, og meginástæðurnar eru þrjár: Hljóðfæraleikararnir gera ýmislegt annað en að einbeita sér að hljómsveitinni, sem ekki kann góðri lukku að stýra, það eru of fáir góðir hljóðfæraleikarar í hljómsveitinni að staðaldrí og of margir sem koma og

fara, og svo eru hljóðfæraleikararnir mjög misjafnir. Í hljómsveitinni er talsvert af gömlu fólki, sem einfaldlega er búð að spila of lengi, og það er líka of mikið af nemendum, sem eru ekki komnir svo langt að þeir séu færir um að leika í sinfóníu-hljómsveit, og eru reyndar vart af barnsaldri. Það er meðal annars þetta fólk, sem ég er að tala um að þyrfti að fara með eins og börn,” sagði Vladimir Ashkenazy í viðtali við Morgunblaðið í gærkvöldi þegar hann var spurður um þau orð, sem hann lét falla í viðtalinu við Gramophone.

„Þegar ég segi þetta þá er það ekki af neikvæðum hvötum. Þetta er bara raunsætt mat, en það eru

ríkjandi skoðun að það, sem hljómsveitin fær áorkað, sé nógu gott. Í tónlist er aldrei neitt nógu gott. Það getur verið að þetta séu hörd orð, en maður á aldrei að segja ósatt. Til þess að hægt sé að bæta þarf að segja sannleikann. Ég held að mér sé óhætt að segja að hljóðfæraleikararnir séu alls ekki nógu vel launaðir, og þurfi því að vera í alls konar aukavinnu. Það hefur áhrif á árangurinn. Svo hefur hljómsveitin ekki nógu mikil verkefni, eins og sjá má af því að reglulegir tónleikar yfir vetrartímenn eru hálfsmánaðarlega. Þar að auki er nokkuð um aukatónleika, en samt ekki nándar nærri nóg, ef við miðum til dæmis við stóru hljómsveitirnar, sem leika opinberlega nánast á hverju

Ashkenazys, að hann hafi orðið að umgangast hljómsveitarmenn sem börn til að firra þá vöndum síðum hljóma í eyrum meðlima Sinfóníu-hljómsveitar Íslands sem ofurlítill kokhreysti. Sinfóníu-hljómsveit Íslands á Vladimir Ashkenazy margt að þakka, sérstaklega einlík hans á mörgum tónleikum hljómsveitarinnar, og einnig ánægjuleg persónuleg samskipti. En ef Vladimir Ashkenazy ber saman gæði Sinfóníu-hljómsveitar Íslands við fremstu hljómsveitir stórbjóðanna þá hljóta meðlimir Sinfóníu-hljómsveitar Íslands að bera hæfileika hans sem stjórnanda saman við ýmsa ágæta hljómsveitarstjóra, sem stjórnað hafa hljómsveitinni á undanförunum árum. Þótt Vladimir Ashkenazy hafi farið mikið fram á því sviði frá því að hann fíkraði sig sin fyrstu skref með Sinfóníu-hljómsveit Íslands þá held ég að það sé samdóma álit hljóðfæraleikara að hann eigi langt í land með að geta talizt góður hljómsveitarstjóri.

Væri það ánægjulegt ef það gæti borið upp á sama tíma að Sinfóníu-hljómsveit Íslands gæti talizt góð hljómsveit og Vladimir Ashkenazy góður hljómsveitarstjóri, og mætti þá halda sam-eiginlega jubileums-konsert.”

Jón Sen, aðstoðarkonsertmeistari, sagði:

„Við erum dálítið hissa á þessum ummælum, og finnst við ekki eiga þetta skilið af honum, ekki sízt vegna þess, að hann kunnir nú sjálfur ekkert til þessara verka þegar hann byrjaði og fór að æfa sig á okkur, eins og hann segir raunar sjálfur í þessu viðtali við Gramophone. Við vorum áreiðanlega umburðarlynd gagnvart vankunnáttu hans við hljómsveitarstjórnina, og því finnst mér þetta vera fáránleg ummæli.”

Sigurður Björnsson framkvæmdastjóri Sinfóníu-hljómsveitar Íslands, sagði þetta:

„Ég vil ekkert um málið segja á þessu stigi, meðal annars vegna þess að ég er ekki sannfærður um að Ashkenazy hafi látið þessi ummæli falla. Það hefur fyrr gerzt að blaðamenn fari rangt með, og áður en ég hef fengið staðfestingu Ashkenazys sjálfs á því að þetta sé rétt eftir haft, tel ég ekki rétt að tjá mig um málið. Ég hef verið að reyna að ná í hann undanfarið. Það hefur ekki tekið en ég er nú búinn að skrifa honum bréf og vonast eftir svári innan tíðar.”

Vladimir Ashkenazy stjórnar Sinfóníu-hljómsveit Íslands á tónleikum með Rostropovitsj á Listahátíð s.l. vor.

kvöldi, leika inn á hljómplötur og eru stöðugt önnum kafnar,” sagði Vladimir Ashkenazy.

Helga Hauksdóttir, formaður Starfsmannafélags Sinfóníu-hljómsveitar Íslands, hafði þetta um málið að segja:

„Ég vil mótmæla því að Sinfóníu-hljómsveit Íslands sé hálfgerð áhugamannahljómsveit. Sinfóníu-hljómsveit Íslands er atvinnumannahljómsveit. Um gæði hennar má deila, rétt eins og flest annað er að tónlitarflutningi lýtur. Þau ummæli Vladimirs

Hópflug Ítala fór á 270 þúsund krónur

SÍDASTLIÐINN laugardag var haldið frímerkjauppbod í ráðstefnusal Hótelis Loftleída á vegum Hlekkis sf.

Alls var 521 númer á uppboðinu, og seldist mestallt íslenska efnið. Aftur á móti var áhugi mjög lítill á erlendu efni, þegar Grænland er undanskilið, og gekk flest af því aftur inn.

Hæst verð fékkst fyrir svonefnd Balbófrímerki frá 1933. Eru það þrjú merki með mynd Kristjáns X., yfirprentuð Hópflug Ítala 1933. Lágmarksverð þeirra var 150 þúsund, en þau voru slegin nýjum eiganda fyrir 225 þús., og þar við bætist 20% söluskattur. Þessi merki voru ónotuð og með óskertu lími (óhengd) og vott-

orði um, að þau væru ófölsuð. Önnur ónotuð seria þessara merkja fór á 155 þús. en hún var bæði með hengslaförum og vottorðalaus.

Aberandi var, hvað frímerki á heilum umslögum seldust vel og eins merki með margs konar stimplum. Hæst verð fékkst fyrir bréf með 10 aura frímerki frá því fyrir aldamót — eða 160 þúsund. Lágmarksverð bréfsins var 36 þús. Þá fór þjónustubríf frá 1939 á 84 þús., en lágmarksverð þess var 42 þús. Mörg spjaldbréf seldust einnig vel og sum langt yfir lágmarksverð þeirra á uppboðinu.

Fyrir einstök frímerki fékkst hæst verð fyrir ónotað eintak af

4 sk. merki (gróftakkað) eða 86 þús., en því fylgdi vottorð. 78 þús. fengust fyrir óstimplað 16 sk. merki (fíntakkað).

Alþingishátíðarmerki frá 1930, hærri verðgildin frá 50 aurum, bæði almenn og þjónustu, seljast alltaf mjög vel, enda skiljanlegt, þar sem upplag þeirra var miku minna en lægri verðgildanna.

Uppboð þetta var vel sótt, og mátti þar sjá marga kunna frímerkjasafnara. Þá kom vel í ljós áhugi safnara, sem gátu ekki verið viðstaddir, því að mörg skrifleg böð höfðu borizt, og hækkuðu þau lágmarksverð það, sem í skránni stóð, oft til mikilla muna.

